

Alþingi

Erindi nr. P/121/034

komudagur 27.4 1990 M230490-1

Til: formanns heilbrigðis- og tryggingamálanefndar
neðri deildar

Frá: Dögg Pálsdóttur, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Minnisblað

um breytingu á frumvarpi til laga um breytingu á lækna­lögum
- - -

2. mgr. 18. gr. orðist svo:

Verði læknir í starfi sínu var við mistök eða vanrækslu af hálfu lækna eða annarra heilbrigðisstarfsmanna skal hann tilkynna það landlækni. Sama skylda hvílir á öðrum heilbrigðisstéttum og öðrum þeim sem vinna með læknum.

Á eftir 2. mgr. 18. gr. komi ný mgr. sem verður 3. mgr. og orðist svo:

Hljótist skaði af læknisverki skal læknir sá sem verkið vann eða yfirlæknir tilkynna það til landlæknis.

Á eftir 3. mgr. 18. gr. sem nú er orðinn 4. mgr. komi ný mgr., 5. mgr. svohljóðandi:

Ráðherra setur reglur um meðferð landlæknis á málum skv. 2. og 3. mgr.

Til heilbrigði- og tryggingamálanefndar neðri deildar
Frá heilbrigðisráðuneyti

MINNISBLAÐ

vegna athugasemda við frumvarp til læknalaga

- - -

Vegna greinargerðar Viðars Hjartarsonar fulltrúa LI í sérfræðinefnd læknaeildar til Alþingis um frumvarp til læknalaga telur heilbrigðisráðuneytið nauðsynlegt að gera eftirfarandi athugasemdir:

- * Viðar nefnir að þess séu dæmi að Socialstyrelsen í Svíþjóð hafi viðurkennt störf lækna á HI heilsugæslustöðvum á Íslandi. Ástæða þess er sú að ekki liggur enn fyrir listi um þær heilbrigðisstofnanir hér á landi sem teljast fullnægja tilsettum skilyrðum vegna sérfræðináms. Nefnd á vegum læknaeildar sem skipuð var 1986 og falið var þetta verkefni hefur enn ekki lokið störfum. Ráðuneytið veit ekki til þess að Socialstyrelsen hafi viðurkennt námstíma á HI heilsugæslustöð eftir að henni var formlega tilkynnt um að þær teldust ekki fullnægjandi námsdvöl.
- * Dæmin um dönsku lækna eiga ekki við um þá Íslendinga sem synjað hefur verið um sérfræðiviðurkenningu á grundvelli norræna samningsins. Tíðenskir læknaar sækja sitt framhaldsnám að mestu leyti til útlanda. Í því dæmi sem varð kveikjan að frumvarpinu var og um það að ræða að viðkomandi læknir hafði sótt sitt framhaldsnám í Svíþjóð. Rétt er að taka fram að samningurinn gerir það ekki að skilyrði að læknir leiti sérfræðiviðurkenningar í sínu heimalandi. Tólkunarbókunin staðfestir að læknir skuli leita sérfræðiviðurkenningar í því landi sem framhaldsnám hafi verið stundað í.
- * Kjarna málsins er að finna á bls. 3 í greinargerð Viðars þar sem hann telur að ágreiningur ráðuneytis og læknaeildar megi leysa án lagasetningar og leggur til breytingu á sérfræðingsreglugerðinni. Ágreiningurinn væri hægt að leysa með breytingu á reglugerðinni en skv. gildandi læknaeild getur ráðherra ekki breytt reglugerðinni nema tillaga þar að lútandi komi frá læknaeild. Ráðherra ritaði bréf til læknaeildar í ágúst 1989 og tilkynnti deildinni fyrirhugaða breytingu á reglugerðinni, þ.e. að fella niður 6. gr. hennar. Læknaeild svaraði og benti ráðherra á læknaeild og lét að því liggja að engna tillagna væri að vænta þaðan.